

Föstudaginn 15. apríl 1932.

Nr. 111/1931. **Mýrkjartan Rögnvaldsson og Ólafur J. Hvanndal** (Garðar Þorsteinsson)
 gegn
Péttri Jakobssyni (Sjálfur).

Sýknukröfu áfrýjenda hrundið með því eigi þótti færð nægileg sönnun gegn eignarrétti stefnda á umræddum vixli né að honum hafi verið kunnar misfellur á vixlinum.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 12. sept. 1931: Stefndir, Einar Jóhannsson, Mýrkjartan Rögnvaldsson og Ólafur J. Hvanndal, greiði allir fyrir einn og einn fyrir alla stefnandanum, Péttri Jakobssyni, kr. 2400,00 með 6% ársvöxtum frá 12. júní 1931 til greiðsludags, kr. 10,75 í afsagnarkostnað, kr. 0,45 í tilkynningarkostnað og kr. 129,50 í málskostnað, allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur máls þessa, Mýrkjartan Rögnvaldsson og Ólafur J. Hvanndal, krefjast þess, að hinum áfrýjaða gestaréttardómi verði breytt þannig, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda, að fjárnámsgjörð sú, er gjörð var hjá Ólafi J. Hvanndal 23. sept. f. á. til fullnustu gestaréttardómsins, verði úr gildi felld og að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar bæði í héraði og hæstarétti.

Stefndi hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgjörð verði staðfest, að áfrýjendur verði dæmdir in solidum til að greiða honum málskostnað í hæstarétti og þeir dæmdir til sekta fyrir óparfa málsýfingu.

Áfrýjendur viðurkenna það, að þeir hafi skrifað nöfn sín á vixilblað það, er ræðir um í málinu, en er þeir hafi látið það af hendi við meðstefnda í héraði, Einar Jóhannsson, hafi þar hvorki verið tiltekinn útgáfudagur eða gjalddagi. Hafi tilætlunin verið sú, að Einar fengi 2 nafngreinda menn að auki til þess að gerast ábyrgðarmenn fyrir vixilupphæðinni, 2400 kr., og að því fengnu hafi átt að útfylla vixileyðublaðið til fullnustu.

Nú hafi Einari ekki tekizt að fá menn þessa til að gerast ábyrgðarmenn að vixlinum, en engu að síður hafi hann í fullkomnu heimildarleysi útfyllt vixileyðublaðið, þ. e. sett í það útgáfudag og greiðsludag og vixilinn hafi hann síðan selt Metúsalem Jóhannssyni útgerðarmanni hér í bænum; hafi Metúsalem verið kunnugt um, að Einar hafi í heimildarleysi útfyllt vixilinn og því hafi hann tekið það ráð, að láta líta svo út sem stefndi, Pétur Jakobsson, hafi keypt hann, en þar sem Pétur hafi aldrei verið eigandi vixilsins, eigi hann enga kröfu á hendur þeim um greiðslu hans, og beri því þegar af þessari ástæðu að sýkna þá.

Þá halda áfrýjendur því fram, að þótt litið verði svo á, að þeim hafi ekki tekizt að sanna þetta samband milli Metúsalems og stefnda, þá hljóti stefnda að hafa verið kunnugt heimildarleysi Einars til að útfylla og selja vixilinn og leiði það því einnig til sömu niðurstöðu.

Eptir að dómur hefir gengið í máli þessu í héraði, hefir í tilefni af kæru áfrýjenda farið fram rannsókn í lögreglurétti Reykjavíkur um meðferð Einars Jóhannssonar á umræddum vixli. Við rannsókn þessa hefir nefndur Einar Jóhannsson viðurkennt frásögn áfrýjendanna um það, að er hann

hafi tekið við víxlinum, hafi hann verið ódagsettur og gjalddagi ótiltekinn og að tilætlunin hafi verið, að hann útvegaði 2 menn til viðbótar, þá Sigurð kaupmann Skjaldberg og Trausta Ólafsson efnafræðing, til að gerast ábyrgðarmenn að víxlinum; hafi áfrýjendurnir brýnt það fyrir honum, að hann mætti ekki útfylla víxileyðublaðið eða selja víxilinn nema því aðeins, að hann fengi þá til að skrifa á hann sem ábekingar auk áfrýjendanna, en er hann hafi komið til þeirra með víxilinn hafi þeir aftekið, að gerast ábyrgðarmenn að víxlinum, hafi svo liðið hálfsmánaðartími, að hann hafi ekkert frekara aðhafzt. Hefir Einar borið það, að hann hafi áður verið búinn að tryggja sér það, að Metúsalem Jóhannsson keypti víxilinn af sér með 4 ofangreindum mönnum sem ábekingum, en er það hafi brugðizt, hafi hann á ný snúið sér til Metúsalems og hafi hann þá fengið loforð hans um að hann útvegaði kaupanda að víxlinum með ábyrgð þeirra Mýrkjartans og Ólafs Hvanndals einna. Kveðst Einar þá á ný hafa leitað til þeirra Mýrkjartans og Ólafs og beðið þá hvorn í sínu lagi að leyfa sér að útfylla víxilinn og selja hann. Hafi þeir í fyrstu verið mjög tregir til þess að samþykkja þetta, en þó hafi svo farið, að Mýrkjartan hafi sagt, að Ólafur skyldi ráða þessu og loks hafi Ólafur einnig leyft sér að selja víxilinn. Að svo komnu hafi hann farið á fund Metúsalems, sagt honum, að leyfið væri nú fengið og útfyllt víxilinn í augsyn hans, en honum hafi verið kunnugt um, að samþykki þeirra Ólafs og Mýrkjartans hafi verið áskilið. Hafi Metúsalem síðan tekið við víxlinum og sagt honum, að stefndi, Pétur Jakobsson, myndi kaupa hann og skyldi Einar fara til hans

um kvöldið til að gera upp kaupin, en svo virtist sem Einar hafi ekki áður átt í neinum samningum við Pétur um vixilinn. Um kvöldið hafi hann svo að ávísun Metúsalems farið til stefnda og hafi hann greitt honum fyrir vixilinn 1150 kr. í peningum, tekið 600 kr. upp í veðskuld, er Metúsalem hafi átt hjá sér og greiðast hafi átt af andvirði vixilsins, látið sig hafa húsgögn, er metin hafi verið á 200 kr., en afganginn 450 kr., hafi Pétur tekið í afföll af vixlinum og 3ja mánaða vexti af honum.

Við lögreglurannsóknina hafa þeir Ólafur Hvanndal og Mýrkjartan neitað því afdráttarlaust, að þeir hafi veitt Einari nokkra heimild til að útfylla vixilinn eða selja hann, er ábyrgð þeirra Sigurðar og Trausta brást.

Þrátt fyrir upplýsingar þær, er fengizt hafa við nefnda lögregluréttarrannsókn, og önnur gögn, er áfrýjendurnir hafa lagt fram í málinu hér fyrir réttinum, verður það ekki talið nægilega sannað, að stefndi sé ekki eigandi umrædds vixils og þar eð það er heldur eigi nægilega sannað, að stefnda, er hann varð eigandi vixilsins, hafi verið kunnugt um misfellur þær, er talið er að samþykkjandi hans, Einar Jóhannsson, hafi gert sig sekan um, þykir ekki heimild til að sýkna áfrýjendurna af kröfu stefnda um greiðslu vixilupphæðarinnar. Það verður því að staðfesta hinn áfrýjaða gestaréttardóm, að því leyti sem honum hefir verið áfrýjað, svo og hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð 23. sept. f. á.

Eftir þessum úrslitum verður og að dæma áfrýjendurna til að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 100 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða gestaréttardómi og fjárnámsgjörð skal óraskað. Áfrýjendurnir, Mýrkjartan Rögnvaldsson og Ólafur J. Hvanndal, greiði in solidum stefnda, Pétri Jakobssyni, 100 kr. í málskostnað í hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, birtri 18. júní s.l., af Pétri Jakobssyni, innheimtumanni hér í bæ, gegn Einari Jóhannssyni, landbúnaðarkandidat, Mýrkjartani Rögnvaldssyni, skipstjóra og Ólafi J. Hvanndal, prentmyndasmið, öllum hér í bænum, til greiðslu vixils, að upphæð kr. 2400,00, útgefins 12. marz s. l. af stefndum Mýrkjartani og samþykkt af stefndum Einari til greiðslu í Landsbankanum hér í bæ, 12. júní s. l., en á vixli þessum, sem afsagður var sökum greiðslufalls 13. s. m., er stefndur Ólafur ábekingur.

Hefir stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða sér upphæð vixilsins, kr. 2400,00, með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags $\frac{1}{3}\%$ upphæðarinnar í þóknun. kr. 10.75 í afsagnarkostnað, kr. 0.45 í tilkynningarkostnað, og málskostnað að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi kr. 129.50.

Stefndur, Einar, hefir hvorki mætt né látið mæta í málinu, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr., sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 8. gr., að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum að því er hann snertir, og þar sem stefnandi hefir lagt fram frumrit vixilsins með framsali til handhafa, svo og afsagnargjörð, verða dómkröfur hans teknar til greina að öllu leyti gagnvart nefndum Einari.

Stefndir, Mýrkjartan og Ólafur, hafa hinsvegar mætt í málinu, mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af

þeim og málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins. Byggja þeir mótmælin á því, að þegar þeir hafi skrifað nöfn sín á skjal það, sem stefnt er til greiðslu á og látið það af hendi, þá hafi hvorki verið tiltekinn á því útgáfudagur eða gjalddagi, og hafi það því ekki verið víxill að lögum. En nöfn sín kveðast þeir hafa ritað á skjalið vegna þess, að þeir hafi ætlað að taka á sig víxilábyrgð fyrir meðstefndan Einar, með því skilyrði, að hann fengi tvo menn aðra, þá Sigurð Skjaldborg, kaupmann og Trausta Ólafsson, efnafræðing, til þess að takast á hendur ábyrgðina ásamt þeim. Þetta hafi meðstefndum, Einari, ekki tekið og hafi þeir því ekki sjálfir útfyllt skjalið sem víxil (þ. e. a. s. sett í það útgáfudag og gjalddaga) eða gefið öðrum heimild til þess, og sé víxillinn því falsaður að þessu leyti.

Stefnandi hefir eindregið mótmælt framangreindum varnarástæðum stefndra og haldið fast við kröfur sínar í málinu. Og þar sem stefndir hafa viðurkennt að hafa ritað nöfn sín á hinn framlagða víxil og engar líkur fært fyrir því gegn mótmælum stefnanda, að framangreindar varnarástæður þeirri hafi við rök að styðjast, þykir ekki hægt að taka mótmælin til greina, heldur ber einnig að taka dómkröfur stefnanda til greina gagnvart þeim að öllu leyti.

Mánudaginn 18. apríl 1932.

Nr. 104/1931. **Lárus Jóhannesson, f. h. dánarbús
Ragnars Ólafssonar**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar

(Guðm. Ólafsson).

Leigutekjur af fasteign eigi taldar lóðarafnot er heimili útsvarsálagningu samkv. 8. gr. útsv.l.

Úrskurður fúgetaréttar Siglufjarðar 17. sept. 1931:
Lögtakið skal fram fara.